



# Áveitan

5. tbl. 10. árgangur. Maí 2016

## Þingborgarmót 2016

Hið árlega Þingborgarmót verður haldið þann 11. maí næstkomandi í Þingborg. Mótið hefst kl. 14:30 og stendur til um kl. 17:30. Mótið er fyrir alla krakka 16 ára og yngri.

### Keppnisgreinar hjá börnum 9 ára og yngri:

Langstökk án atr.  
Boltakast (medicine)  
Skutlukast úti ef veður leyfir

### Keppnisgreinar hjá 10 – 16 ára:

Langstökk án atr.  
Kúluvarp  
Hástökk  
Þrístökk án atr.

Örvar og Árni Geir

## Leikjanámskeið í júní

Fyrirhugað er að halda leikjanámskeið í júní eins og undanfarin ár. Námskeiðið verður haldið á íþróttasvæðinu við Flóaskóla og er ætlað krökkum á aldrinum 6-12 ára. Nánar auglýst í næstu Áveitu.

Umf. Þjóttandi

## Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Ragnar Sigurjónsson  
icegordon@gmail.com  
S. 820-3565

lðunn Ýr Ásgeirsdóttir  
idunnyr84@gmail.com  
S: 865-1454

Fanney Ólafsdóttir  
fanneyo@emax.is  
S. 892-4155

## Frá sveitarstjóra

### Meira „Fjör í Flóa“

Undirbúningur stendur nú yfir fyrir hátíðina „Fjör í Flóa“. Mikill metnaður er nú lagður í allan undirbúning eins og undanfarin ár. Rekstarstjórn félagsheimilanna í Flóahreppi ber hitann og þungann af öllu skipulagi ásamt húsvörðum og fulltrúum frá áhugamannafélögnum í sveitinni. Þetta er 11 árið sem þessi hátíð er skipulögð og gestum hefur fjölgað ár frá ári. Hátíðina er kjörið að nýta til þess að vekja athygli á því góða starfi sem fer fram hjá hinum ýmsu fyrirtækjum í sveitinni. Mikið er lagt upp úr því að öll ásýnd sé sem best og reynir því á okkur öll að vera samstíga. Til þess að leggja ykkur lið í almennri hreinsun þá hefur Flóahreppur á undanförunum árum í samstarfi við sorphirðuaðilana hjá Íslenska Gámafélaginu, boðið upp á aukna þjónustu við vorhreinsun.

### Vorhreinsun

Eins og undanfarin ár verður boðið upp á gáma heim að bæjum til sérstakra átaksverkefna. Gámarnir verða í boði dagana 18. – 25 maí. Pantanir þurfa að berast til ÍGF, eða á skrifstofu Flóahrepps í síma 480 4370. Gámar fyrir járn og grófan úrgang verða staðsettir við Félagslund og Heiðargerði. Einnig er minnt á gámasvæði sveitarfélagsins er í Hrísmýri við Selfoss þar sem hægt er að losna við spilliefni og fleira og fá leiðbeiningar um flokkun.

### Unglingavinnan

Athugið, að ennþá er hægt að skrá unglunga í unglungavinnu Flóahrepps. Umsóknareyðublöð er að finna á skrifstofu Flóahrepps og á heimasíðu sveitarfélagsins <http://www.floahreppur.is>. Flokkstjóri unglungavinnu verður Árni Geir Hilmarsson.

## Sölubásar á Fjör í Flóa

Básarnir eru tilvaldir fyrir alla sem vilja koma vörum sínum á framfæri, til sölu eða kynningar. Einnig kjörið fyrir þá sem eru nýbúnir að taka til í geymslunum sínum eða fataskápunum sínum. Auk þess gæti verið skemmtilegt að hafa sölu og eða skiptibókamarkað.

Sölubásarnir kosta ekkert og verða staðsettir í Þingborg föstudaginn 27. maí til sunnudagsins 29. maí.

Áhugasamir hafi samband við Ingu í s: 691-7082



### Skákfréttir

Kjördæmismót Suðurlands í skólaskák fór fram 23. apríl. Aðeins tveir keppendur frá Flóaskóla höfðu tök á því að taka þátt, Sigurjón Óli og Guðbergur Davíð. Við hefðum getað sent fleiri en aðrir voru uppteknir eins og gengur.

Í yngri flokk (1.-7. bekkur) lenti Sigurjón Óli í 5. sæti af 6 keppendum og Guðbergur Davíð lenti í 6. sæti.

Á næsta ári verður stefnt að því að halda þetta mót ekki síðar en í mars til að fleiri eigi tök á því að komast.

Ágúst Valgarð Ólafsson

## Reiðnámskeið Sleipnis sumarið 2016

Reiðnámskeið Sleipnis verður haldið í Vallartröð 4 á Selfossi í sumar. Umsjónarmaður er Oddný Lára Guðnadóttir.

Oddný er menntaður hestafræðingur og leiðbeinandi frá Háskólanum á Hólum í Hjaltadal og hefur haldið allmörg reiðnámskeið með góðum árangri í gegnum árin. Skráning er hafin í síma 847-9834 eða á oddnylara(hja)floaskoli.is (www.hestaland.123.is).

Börn læra grunnatriði í hestamennsku, stjórnun og ásetu. Farið verður í útreiðartúra ásamt uppákomum í reiðhöll. Innifalið í verði er aðgangur að hesti, reiðtygjum og hjálmi.

Öll börn frá viðurkenningaskjal með mynd af sér og hestinum í lok námskeiðis.

**Fyrir 6-8 ára.** (5 daga námskeið kostar 10.000)

- 6.-10. júní kl. 13:30 til 14:30 eða 15:00-16:00 (5 dagar)
- 8.-12. ágúst kl. 15:00-16:00 (5 dagar)
- 15.-19. ágúst kl 15:00-16:00 (5 dagar)

**Fyrir 9 ára og eldri.** (9 daga námskeið kostar 20.000 og 10 daga 22.000)

- 13.-24. júní kl. 10.00-11.30 eða 13.00-14:30 (9 dagar)  
(17. júní frí)
- 11.-22. júlí kl. 10.00-11.30. eða 13.00-14.30  
(10.dagar.)
- 8.-19. ágúst kl. 10.00-11.30 eða 13.00-14.30 (10 dagar)

**Er hundurinn þinn á Kóngafæði ?**

**Ef svo er ekki þá er ég að selja hundafóður frá King Bellfor.  
Allar uppl í s: 8203565 og [icegordon@gmail.com](mailto:icegordon@gmail.com)**

**Ragnar Sigurjónsson**

## Messuhald um hvítasunnu 2016

### Hraungerðiskirkja

Fermingarmessa verður haldin í Hraungerðiskirkju á hvítasunnudag, 15. maí kl. 13.00.

Fermd verður: Ingibjörg Hugrún Jóhannesdóttir, Stóra Ármóti.

Prestur sr. Ninna Sif Svavarsdóttir, organisti Ingi Heiðmar Jónsson, kór Hraungerðis og Villingaholtskirkna syngja.

**ATH Athöfnin fer fram kl. 13.00**

### Villingaholtskirkja

Fermingarmessa verður haldin í Villingaholtskirkju, annan í hvítasunnu, 16. maí kl. 13.00.

Fermdir verða:

Dagur Fannar Einarsson,	Urriðafossi
Eiríkur Árnason,	Skúfslæk 2
Pétur Þór Brynjólfsson,	Kolsholtshelli.

Prestur sr. Guðbjörg Arnardóttir, Ingi Heiðmar Jónsson er organisti og kór Hraungerðis- og Villingaholtskirkna syngur.

**ATH Athöfnin fer fram kl. 13.00.**

## Umf. Þjótandi með lið á Landsbankamótinu

Fimm strákar úr Umf. Þjótanda kepptu á Landsbankamótinu í handbolta sem fram fór á Selfossi 22.-24. apríl. Þetta voru þeir Auðunn, Oddur, Hjalti Geir, Viðar Hrafn og Benjamín sem eru allir í 4. bekk í Flóaskóla. Strákarnir stóðu sig mjög vel og unnu nokkra leiki. Hægt er að sjá mynd af liðinu ásamt Árna Geir þjálfara á facebook-síðu Umf. Þjótanda.

## UPPSKRIFTARHORNID

### Gæs

Gæs er góður matur og ætti ekki að vera vandamál að fá gæs til matar. Uppskrift:

2 -3 stk gæs. Fuglinn er hamflettur og kjötið skorið af skipinu. Þá er að þverskera vöðvann í hæfilega bita c.a. 2 cm og útbúa einskonar hamborgara. Nota skal salt og pipar í litlu magni, þessu er smellt á grillið ekki of lengi, medium rare.

Með þessu er gott að hafa sæta kartöflu (grillaða) og árstíðarsalat.

Einnig getur verið skemmtilegt að skera kjötið í ræmur (lang) smalla små hunangi í kastarólu (lítill skaftpottur), hita hunangið upp að suðu, smá dass af salti og pipar, dýfa kjötinu í hunangið og skella á grillið og bragðið verður yndi.

Og á eftir má smella í einn kjörís með súkkulaði.

Ég skora á Lilju Ómarsdóttur í Brandshúsum 6 að koma með uppskrift í næstu Áveitu.

Sigurður Hamarskoti

## Dómaranámskeið í frjálsíþróttum

Mánudagskvöldið 9. maí verður haldið dómaranámskeið í frjálsíþróttum á vegum frjálsíþróttaráðs HSK. Námskeiðið fer fram í Selinu og stendur yfir frá kl 18:00-22:00. Farið verður í helstu keppnisreglur í frjálsíþróttum og kvöldinu líkur á prófi sem gefur héraðsdómararéttindi. Verð á hvern þátttakanda er 1000 kr og innifalið í verði er léttur kvöldverður. Kennari á námskeiðinu er Sigurður Haraldsson. Skráningar á námskeiðið skulu berast á [gudmunda89@gmail.com](mailto:gudmunda89@gmail.com) fyrir 7. maí næstkomandi. Ef ekki næst viðunandi skráning á námskeiðið þá verður það fellt niður en við vonum að sjálfsögðu að ekki komi til þess. Öll félög á sambandssvæði HSK eru hvött til þess að senda fulltrúa á námskeiðið og iðkendur í meistaraflokki eru boðnir sérstaklega velkomnir.

Guðmunda Ólafsdóttir, formaður frjálsíþróttaráðs HSK

## Tré og list Forsæti Flóahreppi

Vorhátíðin Fjör í Flóa hefst hjá okkur fimmtudagskvöldið 26. maí kl: 20:00 með opnun myndlistarsýningar Ásmundar Friðrikssonar alþingismanns. Sýning Ásmundar í Tré og list er hans 10. einkasýning. Á sýningunni sýnir listamaðurinn 15 verk, olíu og pastel og eru verkin flest ný en líka eldri verk í bland.

Einnig mun Ólafur sýna nýja gripi sem hann hefur unnið að í vetur. Eitt verkanna vann hann í samstarfi við listakonuna Dagnýju Magnúsdóttur, ættaða frá Skógsnesi. Dagný starfrækir sína eigin vinnustofu, Hendar í höfn í Þorlákshöfn. Auk þess eru útskurðarverk listakonunar Sigu á Grund á sýnum stað.

Allir velkomnir

**Nánari dagskrá má finna í auglýsingu fyrir Fjör í Flóa sem og á facebook síðu Tré og list.**

## Til sölu Border Collie hvolpar

Foreldrar Skíma frá Eystri- Torfastöðum 1 og Brúsi frá Brautartungu.

Foreldrar bæði skráð í Snata.is.

Nánari upplýsingar gefur Sigurður í síma 6954332.

## Flóahreppur - Hver hefur skreytt flottasta og frumlegasta póstkassann?

**Fjör í Flóa** hátíðin í Flóahrepp verður haldin föstudaginn 27 maí-sunnudagsins 29 maí. Í tilefni af þessum árlega viðburði, verður haldin samkeppni meðal íbúana um hver skreytir sinn póstkassa sem frumlegastan og flottastan.

Þema póstkassans þarf að vera eitthvað sem minnir á fjölskylduhátíðina sjálfa - **Fjör í Flóa**.

Allir íbúar eru hvattir til að taka þátt í þessari skemmtilegu nýjung.

Vinningshafinn verður síðan verðlaunaður á kvöldvökunni sem haldin verður á laugardagskvöldið í Félagslundi og er opin öllum.

Veislustjóri kvöldsins er hinn eini sanni Gisli Einarsson úr Landanum – sem heldur upp stuðinu eins og honum einum er lagið.

## Úrslit úr víðavangshlaupinu

Víðavangshlaup Umf. Þjótanda fór fram á sumardaginn fyrsta. Sú nýbreytni var þetta árið að hlaupið hófst kl 11:00 og ekki var boðið uppá kaffi að hlaupi loknu. Þetta nýja fyrirkomulag gafst vel og það voru 59 þátttakendur sem hlupu í blíðskapar veðri. Sigurvegari í karlaflokki var Dagur Fannar Einarsson og sigurvegari í kvennaflökki var Soffía Náttsóll Andradóttir. Elsti keppandi hlaupsins var 68 ára en sá yngsti ekki orðinn árgamall. Þess má til gamans geta að í ár hljóp Sigmar Örn Aðalsteinsson í 31. skipti í röð í hlaupinu en það þýðir að hann hefur hlaupið á hverju ári utan fyrstu tveggja æviáranna. Ef einhver getur toppað það þá væri gaman að fá að vita af því. Hér fyrir neðan eru heildarúrslit hlaupsins:

	Nafn	F. ár	Tími
1.	Dagur Fannar Einarsson	'02	5:04mín
2.	Daði Kolviður Einarsson	'05	6:17mín
3.	Sigurjón Reynisson	'05	6:20mín
4.	Soffía Náttsóll Andradóttir	'06	7:12mín
5.	Þórunn Elfa Bjarkadóttir	'76	7:20mín
6.	Arnór Leví Sigmarsson	'07	7:27mín
7.	Unnsteinn Reynisson	'03	7:32mín
8.	Jón Finnur Ólafsson	'06	7:44mín
9.	Hjalti Geir Jónsson	'06	7:56mín
10.	Hlynur Jónsson	'09	8:09mín
11.	Helgi Reynisson	'08	8:24mín
12.	Bjarki Rafn Reynisson	'10	9:30mín
13.	Kristófer Máni Andrasón	'10	9:43mín
14.	Lea Hanses	'96	9:50mín
15.	Ágúst Gísli Heimisson	'02	10:44mín
16.	Eyþór Bergmann Ingvarsson	'09	10:46mín
17.	Silja Lind Jónsdóttir	'07	10:53mín
18.	Þórarinn Ingvarsson	'09	10:54mín
19.	Elva Rún Heimisdóttir	'11	10:56mín
20.	Þórunn Eva Ingvarsdóttir	'07	10:58mín
21.	Heinz Jóhann Brynjólfsson	'04	10:59mín
22.	Freyr Sturluson	'09	11:01mín
23.	Valgerður Björk Hlíðdal	'14	11:05mín
24.	Örvar Rafn Hlíðdal	'84	11:05mín
25.	Ragnhildur Sara Andradóttir	'14	11:12mín
26.	Andri Þór Erlingsson	'84	11:12mín
27.	Hrafnkell Hilmar Sigmarsson	'10	11:15mín



28.	Sigmar Örn Aðalsteinsson	'83	11:28mín
29.	Kristín Björk Ólafsdóttir	'08	11:37mín
30.	Barbara Janits	'90	12:01mín
31.	Logi Viðarsson	'02	12:17mín
32.	Kristín Stefánsdóttir	'48	12:21mín
33.	Pétur Brynjólfsson	'02	12:44mín
34.	Aldís Tanja Sigmarsdóttir	'05	12:45mín
35.	Ásta Björg Jónsdóttir	'10	13:21mín
36.	Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir	'80	13:32mín
37.	Arnar Alex Reynisson	'14	13:50mín
38.	Reynir Bjarkason	'79	13:51mín
39.	Albert Hellsten Högnason	'10	14:20mín
40.	Viðar Ófeigsson	'58	14:21mín
41.	Þórunn Sturludóttir	'06	14:25mín
42.	Laufey Árnadóttir	'06	14:27mín
43.	Þóra Björk Sigurðardóttir	'07	14:38mín
44.	Unnur Bjarkadóttir	'86	14:40mín
45.	Valgerður Gestsdóttir	'57	14:52mín
46.	Jón Valur Jónsson	'13	14:52mín
47.	Thelma Dröfn Ásmundsdóttir	'85	15:02mín
48.	Ólöf Vala Heimisdóttir	'06	15:03mín
49.	Sigrún Helgadóttir	'83	15:03mín
50.	Ragnildur Klara Jónsdóttir	'12	18:14mín
51.	Guðrún Jónsdóttir	'53	18:14mín
52.	Kristján Reynisson	'12	19:22mín
53.	Fanney Ólafsdóttir	'80	19:22mín
54.	Þorbjörn Sturluson	'11	19:22mín
55.	Kolbeinn Sturluson	'15	19:25mín
56.	Mareike Schacht	'83	19:25mín
57.	Sólveig Þórðardóttir	'67	19:26mín
58.	Steinunn Lilja Kristinsdóttir	'13	27:08mín
59.	Aðalsteinn Sveinsson	'59	27:09mín

## Aðalfundur Flóaáveitunnar

Aðalfundur Flóaáveitufélagsins verður haldinn í Félagslundi miðvikudagskvöldið 11. maí kl. 20:30.

Venjuleg aðalfundarstörf. Kaffiveitingar.

Stjórnin

## Pistillinn

Jæja (orð sem lærðist fljótt) kæru sveitungar. Alveg hafði mér tekist að steingleyma þessari áskorun frá Hafðisi vinkonu um að skrifa pistillinn, þannig að nú þarf að hugsa hratt!

Það er orðin nokkuð ljóst að ég er ein af þessum b-uðu útlendingum sem ekki hefur tekist að læra málið almennilega (kann reyndar heldur ekki á tölvu svo þetta getur orðið skrautlegt!) enda fyrir löööngu hætt að hugsa áður en ég opna munninn-ef ég hef þá einhvertíma gert það, hvað tungumálið varðar allavegana.

Að koma til Íslands, nánar tiltekið fyrst í Stóru-Sandvik, úr stóru skógunum þarna heima var að sjálfsögðu mjög sérstakt, víðáttan stórkostleg og dalalæðan yndisleg. En tungumálið... hm, Hannes var mjög flinkur í skandinavísku, tungumáli sem ég hafði ekki heyrt um áður en mjög gott til síns brúks. Og vitaskuld vissi ég eins og svo margir aðrir að það þyrfti einfaldlega að bæta -ur við orð til að þau yrði íslensk..

Nú eftir smá tíma þegar ég var farin að venjast hrynjandinni í málinu áttaði ég mig á því að mjög margt líktist málískunum í sýslunni heima, en sumt yrði einhver vandræði og heilmargir misskilningar.

Það er til dæmis alveg fáránlegt að beygja eiginnöfn, bara vesen þegar margar Siggar og Siggur eru til!

Fyrsti slæmi misskilningurinn varð þegar við höfðum verið að girða rófugarðana og Hannes sagði mér svo að keyra rólega heim. En rólega er mjög líkt „roligt“ = skemmtilegt, svo ég keyrði eins og ég gat á hálf bremsulausum Úrsusinum, hélt ég ætti að flýta mér heim og tók ekki eftir að girðingastaurarnir skoppuðu af kerrunni hér og þar meðfram Kaldaðarnesveginum. Í sakleysi minu heyrði ég samt að Hannes var ekki alveg ánægður þegar hann sagði á hreinni íslensku með engu skandinavísku ivafi -,Ég sagði þér að keyra rólega heim.

Áttaði mig svo á að oft væri ó fyrir framan orðin og þá þýddu þau andstæðuna, eins og róleg- óróleg, passaði samt ekki með glatt og óglatt...

Eitt skiptið missti ég samt næstum alveg málið, þá var ég búin að vera það lengi á Íslandi að ég gat alveg gert mig vel skiljanlega og öfugt. Kærastinn frá Sviþjóð kom í heimsókn og ég ætlaði að sýna það sem allir túristar þurfa sjá...Tók vinnukonuna sem ég útvegaði Laugardælabræðrum, kærastann og Litlu-Sandvíkur Subarúinn og fór af stað. Gullfoss, Geysir og svo voru það Þingvellir. Þetta var á skírdag, og ég ætlaði að stytta mér leið yfir Lyngdalsheiði, enda fallett þar líka að mínu mati. Hm var vissulega ekki

nýbúið að moka (ég vissi ekkert um fjallvegi = sumarvegi) en það voru góð hjólför og Subaru eru góðir bílar... Vitaskuld enduðum við pikkföst með öll hjólin á lofti í djúpum jeppaförum! Ferðafélagarnir vildu labba af stað en ég harðbannaði það -sérstaklega þar sem það var farið að hvesa með tilheyrandi slyddu. Á meðan ég reyndi að sannfæra þau um að öruggast væri að bíða (engin með gema á þessum tíma) fannst okkur við heyra eitthvert hljóð og upp úr næstu blindhæð reis þyrila eins og í bíómynd! Félagarnir trompuðust og hoppuðu, veifuðu og öskruðu og mér til skammar lenti þyrilan. Landhelgisgæslan. Út komu 3 menn, þar af tveir í lögreglubúning. Íslenskan hjá Malinu varð allt í einu mjög léleg. Löggan hélt því fram að vegurinn væri lokaður (en við höfðum ekki séð neitt svoleiðis skilti) og sagði „útlendingar“ í frekar neikvæðum tón. Saman tókst okkur að losa bílinn og við urðum að fara sömu leið til baka. Svona mér til varnaðar var reyndar ekkert skilti Laugarvatnsmegin, en það var Þingvallamegin-mátti til með að gá.

Palli heitinn í Litlu-Sandvík hló svo mikið er ég sagði frá þessu að hann var enn hlæjandi þegar hann tók upp símann til að redda málunum-hann var nú oddvitinn.

Eftir Stóru-Sandvík, um haustið, lá leiðin upp á Skeið og ég varð svínahirðir og tanningakona á Kílhrauni.

Einn vormorgunin er við Guðmundur heitinn komum út í fjárhús hafði gólfbiti farið niður og rolla með honum. Það sást vel í allt bakið, svo Gummi greip næstu lausu grind og sagði mér að fara niður til að setja kaðal utan um hana. Gummi hélt í grindina fyrir stiga -en hún dugði ekki alla leið og ég var komin upp að rifbeini í ískallt haughúsið. Nú Gummi var bakveikur maður og þetta reyndi of mikið á hann, mér leist alls ekki á blikuna að þurfa sleppa takinu en annað var ekki hægt. Var sem betur fer ekki mikið dýpra. Upp undir handakrika í skítavatni, blessuð kindin -sem flaut -frekar dauf og Gummi búin í bakinu að reyna að hífa. Ég varð að lyfta og ég gleymi ekki tilfinningunni af ísköldum herligheitunum leka úr feldi rollunar niður á höfuðið og hálsmálið á mér þegar ég var að reyna að ýta henni beint upp fyrir mig! Upp komst hún, en hvort hún lifði af og hafði burðinn af man ég ekki. Gummi gat sig hvergi hreyft strax á eftir en sendi mig heim að fara í þurrt. Mátti samt til með að skola af mér það mesta og fara úr á kjallaratröppunum áður en ég komst inn í hús í heita sturtuna.

Annað skipti fékk Gummi gott hláturskast þegar við mættum í hesthúsið og sáu að reiðhjálmurinn minn hafði dottið af naglanum á veggnum og lent undir einu tryppinu. Ég rétt svo náði að koma annarri

löppinni upp í stallinn til að þríla yfir þegar klárinn fór að pissa og að sjálfsgöðu var hann mjög hittinn og nánast fyllti hjálminn.

Hvorki hjálmur eða haughúsföt urðu söm á eftir og fóru fljótt í ruslið....

Eftir Kílhraun átti ég frábært sumar í Geirakoti og svo síðar í Litlu-Sandvík sem varð mitt íslenska „heima“ þangað til ég flutti í Flóahreppinn. Svo það lítur út fyrir að mér finnist líka gott að búa í Flóanum.

Þar sem allt ævintýrið byrjaði fyrir rúmum 29 árum síðan með einu bréfi stíluðu á bændaskólann sem ég var í, langar mig að skora á Viðar Ófeigsson, Rimum, að skrifa næsta pistil, því það voru hann og fyrrverandi konan hans sem sendu skólanum bréfið.

Malin Widarsson, Tindum

---

## Brokk og skokk á Fjöri í Flóa

Ungmennafélagið Þjótandi ætlar að halda keppni í „Brokk og skokk“ á sveitahátíðinni Fjör í Flóa. Keppnin fer fram á bökkum Þjósár neðan við Þjósárver, en keppnin verður ræst á síðarnefnda staðnum. Mæting á bílastæðið við Þjósárver. Brokkið og skokkið mun fara fram á sunnudaginn 29. maí eftir hádegi. Nánari tímasetning verður auglýst síðar í endanlegri dagskrá Fjörsins sem birt verður uppúr miðjum maí. Eins verða allar nánari upplýsingar fyrir alla á facebook síðu Þjótanda, [www.facebook.com/umfthjotandi](http://www.facebook.com/umfthjotandi)

Brokk og skokk hefur verið haldið í Skeiða- og Gnúpverjahreppi síðustu árin og verður sífellt vinsælla með hverju árinu. Þetta er liðakeppni, þar sem hvert lið skipa 2 einstaklingar ásamt einum hesti. Annar hleypur en hinn situr hest, á leiðinni skiptast síðan keppendurnir á að hlaupa og sitja hestinn. Keppt verður í tveimur flokkum, það er annars vegar fjölskylduhring og hinsvegar íþróttahring. Í íþróttahringum sem er um 6 km að lengd eru allir keppendur ræstir samtímis. Á leiðinni eru 5 fyrirfram ákveðnar

skiptistöðvar, það verður að skipta á að minnsta kosti 4 þeirra. Sem sagt sá sem ríður hestinum af stað skilur hestinn eftir á fyrstu skiptistöð og hleypur áfram. Svo þegar sá sem hjóp af stað fyrsta legginn kemur að fyrstu skiptistöð, þá tekur hann hestinn og ríður áfram. Og síðan koll af kolla, alla leið í mark. Og eins og áður segir verður að skipta um knapa og hlaupara á að minnsta kosti 4 skiptistöðvum. Það lið sem er síðan fyrst í mark, bæði hlaupandi og ríðandi maður vinnur.

Í fjölskylduhringum sem er um 2 km að lengd, eru engar skiptistöðvar og heimilt er að teyma börn undir 8 ár aldri alla leiðina. En séu börn kominn yfir 8 ára aldur, þá verður að skipta að minnsta kosti einu sinni um knapa, það má gera hvenær og hvar sem er í brautinni.

Að lokinni keppi mun verða boðið upp á grillaðar pylsur með tilheyrandi meðlæti við Þjórsárver.

Keppendur mæta sjálfir með hesta til keppninar og er öllum keppendum skylt að bera hjálma og klæðast gulum vestum sem Þjótandi mun útvega.

Gott væri ef þeir keppendur sem ætla að taka þátt væru búnir að skrá sig til leiks í seinasta lagi fimmtudaginn 26. maí hjá Baldri Gauta í síma 867-3538 eða með því kvitta á facebook síðu Þjótanda. Skrá skal báða keppendur í hverju liði og hestinn til leiks. Þó einhverjir gleymi að skrá sig fyrir þennan tíma, þá verður engum vísað frá sem langar að skrá sig á keppnisdeginum sjálfum. Fólk á öllum aldri er hvatt til að koma og vera með.

Ítarlegri reglur verður að finna ásamt loftmyndum af leiðunum á facebook síðu Þjótanda þegar nær dregur. Og eins mun skipuleggjandi keppninar, Baldur Gauti Tryggvason gefa nánari upplýsingar um fyrirkomulagið viljið þið vita meira.

Umf. Þjótandi

**Kvígur til sölu**  
**Hef 3 kvígur til sölu. Burðartími í júlí og september.**  
**Upplýsingar í síma 899-5494.**

**Ágúst Ingi, Brúnastöðum**

## Frá Búnaðarfélagum Villingaholtshrepps og Gaulverjabæjarhrepps

Búnaðarfélag Gaulverjabæjarhrepps og Villingaholtshrepps hafa ákveðið að fara í samstarf með tækjaleigu sumarið 2016. Verðskrár hafa verið samræmdar og er fólk hvatt til að leigja tæki af hvoru félagi sem er óháð félagsaðild. Tækjalisti er sem hér segir:

### Tæki í umsjón Kristjáns í Forsæti, s. 862-7532:

Hagasláttuvél	2.300 kr/klst
Steypuhrærivél	200 pr poka, hámark 6.000 kr/dag
Flaghefill	1.000 kr/dag
Málningarsprauta	500 kr/klst
Staurabor	1.000 kr/dag
Topplyklasett	Frítt

### Tæki í umsjón Reynis á Hurðarbaki, s. 898-0929

Sáðvél	2.500 kr/ha
Pinnatætari	3.300 kr/ha
Plógur 5skera	3.600 kr/ha
Valtari	2.300 kr/ha
Sturtuvagn	5.600 kr/dag
Loftunarherfi	2000 kr/ha

### Tæki í umsjón Benedikts í Ferjunesi, s. 848-8604

Hnífatætari	2.000 kr/klst
Plógur 4 skera	2.800 kr/ha
Fjaðraherfi	1.700 kr/ha
Haugsuga	2.100 kr/klst

### Tæki í umsjá Þorsteins á Syðra-Velli, s. 862-0305 og 486-3377

Stór valtari	2.300 kr/ha
Pinnatætari	3.300 kr/klst.
Fjaðraherfi	1.800 kr/klst
Haugsuga	1.500 kr/klst
Hestakerra	1.700 kr/klst
Hagasláttuvél	2.300 kr/klst
Hnífaherfi	1.800 kr/ha

## Tæki í umsjá Sturlu á Fljótshólum, s. 862-0623, 486-3434

Diskaherfi	3.500 kr/ha
Samson dreifari	25.000 kr/ heill dagur
	12.500 kr/ hálfur dagur
Plógur 5 skera	3.600 kr/ha
Lítill valtari	1.000 kr/ha
Hnifataetari 3m	3.300kr/ha

Stjórnir félaganna biðja notendur að nýta tímann vel og skila tækjum smurðum og hreinum um leið og notkun líkur, nema um annað sé talað.

Með góðri kveðju, búnaðarfélögin

### Flói got Talent

Fjölskylduhátíðin Fjör í Flóa verður haldin föstudaginn 27. maí – sunnudagsins 29. maí.

Þetta er orðin árlegur viðburður Flóahrepps og er mikið sótt hátíð bæði af heimamönnum og fólki af öllu Suðurlandi, enda dagskráin afar fjölbreytt og skemmtileg fyrir alla fjölskylduna. Kvöldvakan á laugardagskvöldinu verður haldin í Félgaslundi og er stjórnað af Gísla Einarssyni úr Landanum þeim eina sanna.

Mörg frábær skemmtiatriði verða um kvöldið og er eitt þeirra Flói got Talent. Þá stíga á svið ýmsir frábærir listamenn og margir sýna á sér hlið sem kemur okkur á óvart.

Flói got Talent hvetur þig ef þú veist um listamann að láta hann vita af þessari skemmtilegu upptöku og skrá sig. Söngur, grín, galdur, glens, allt á erindi.

Skráning: [langsstadir@simnet.is](mailto:langsstadir@simnet.is),



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

## Símaskrá Flóahrepps

Ný símaskrá fyrir Flóahrepp er nú í vinnslu. Fólk er beðið að hafa samband við Ragnar eða Fanneyju vilji það koma símanúmerum/netföngum í skrána sem ekki eru í landssímaskránni eða á [www.ja.is](http://www.ja.is) Þá býðst fyrirtækjum á svæðinu að vera með auglýsingar í skránni gegn gjaldi, en áætlað er að safna auglýsingum upp í prentkostnað.

Bestu kveðjur, ritnefnd Umf. Þjótanda

### Dagskrá mánaðarins

Æfing elsta stig	3. maí
Æfing miðstig	4. maí
Dómaranámskeið í frjálsum	9. maí
Skákæfing	10. maí
Æfing elsta stig	10. maí
Þingborgarmótið	11. maí
Aðalfundur Flóaaáveitunnar	11. maí
Fermingarmessa í Hraungerðiskirkju	15. maí
Fermingarmessa í Villingaholtskirkju	16. maí
Æfing elsta stig	17. maí
Skákæfing	17. maí
Æfing miðstig	18. maí
Skákæfing	24. maí
Æfing elstastig	24. maí
Æfing miðstig	25. maí
Vorhreinsun í Flóahreppi	18.-25. maí
Fjör í Flóa	27.-29. maí

